

Kæru foreldrar í Hofsstaðaskóla

Við viljum byrja á að hrósa nemendum sem hafa staðið sig afar vel í róti síðustu daga í skólanum og þakka foreldrum fyrir sýndan skilning og velvild. Síðasta vika var krefjandi fyrir okkur öll með miklu uppbroti en skólastarf hefur gengið vel í þessari viku.

Í dag fengum við nýjar niðurstöður úr sýnatökum og í kjölfar þeirra þykir ástæða til að loka nokkrum rýmum sem tengjast helst starfsfólki skólans. Þetta voru ekki niðurstöðurnar sem við vonuðumst eftir en við nálgumst það að hafa yfirsýn yfir allt húsið. Verkferlar bæjarins leiða vinnuna áfram og brugðist er við öllum ábendingum.

Niðurstöður:

Ekki greindist mygla í sýnum úr stofum 113 (bekkjarstofa 5. SGE), 114 (heimilisfræði) og 115 (myndmennt). Ekki heldur í stóra fundarherberginu og skrifstofum deildarstjóra yngra og eldra stigs. Beðið er eftir niðurstöðum úr sýnatökum í Höllinni.

Loka þarf eftirfarandi rýmum:

- vinnuherbergi starfsmanna.
- skrifstofu kennsluráðgjafa
- skrifstofunni/kaffistofunni í Regnboganum
- námsbókageymslu í kjallara
- stofu 118 sem Tónlistarskólinn hefur haft til afnota
- Vélasal í smíðastofunni á meðan rakaskemmdir verða lagaðar og skipt um gólfefni

Nánari skoðun og vandleg þrif:

- smíðastofa
- kaffistofa starfsmanna
- lyftustokkur og tæknirými við lyftubúnað
- geymslur í kjallara

Framkvæmdir ganga vel í skólanum. Verkfræðistofan Mannvit er eftirlitsaðilinn sem heldur utan um sýnatökur og innra eftirlit. Verksýn er framkvæmdaraðilinn og heldur utan um framkvæmdir. Verktakafyrirtækið Kappar sér um sjálfar viðgerðirnar. Fjölmarginir aðrir aðilar koma að málum varðandi þrif og flutning á búnaðar og gagna. Mannvit vonast til þess að geta birt heildaryfirlit yfir framkvæmdir og niðurstöður á næstu dögum.

Með samstarfskveðju

Skólastjórnendur og skóladeild.